

Alþingi
Til umhverfisnefndar Alþingis *Erindi nr. P 130/2301*
komudagur 4.5.2004 Brussel 29. apríl 2004

Varðar:

**Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess
(934. mál á 130. löggjafarþingi, þskj. 1420)**

Áhrif frumvarpsins, ef að lögum yrði, yrðu fyrst og fremst þau að reisa tilefnislausar skorður við eðlilegu mannlífi við Þingvallavatn. Undirritaður hvetur til þess að Alþingi hafni frumvarpinu algjörlega.

Í frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra geti stjórnað mikilvægum málaflokkum við Þingvallavatn með ákvörðunum, án þess að þeim séu settar skorður og skír markmið. Með því væri vald sveitarstjórna í Bláskógabyggð og í Grímsnes- og Grafningshreppi skert, en almenn stjórnvöld geta vel staðið vörð um vatnið með venjulegum valdheimildum sínum fái þau frið til þess.

Ekki kemur fram í athugasemdum frumvarpsins, að nein sú vá steðji að Þingvallavatni, sem útheimti sérstaka lagasetningu. Í frumvarpinu er heldur ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum aðgerðum til að fylgjast með hvort ráðherra þurfi að grípa til þeirra heimilda sem honum væru fengnar. Gert er ráð fyrir að settar yrðu sérstakar og strangari reglur en almennt gilda, en engar leiðbeiningar eða vísbendingar eru um efnisákvæði. Hvaða markmið á að setja vatnshæð og frárennsli? eru þau mál í ólagi núna? Þarf strangari reglur en almennt gerist? Það kemur ekki fram.

Frumvarpið er ekki nýtt. Það er nánast, eða alveg, samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi 1998-1999 (576. mál, þskj. 946), án þess að þess sé getið í athugasemdum. Á því þingi var einnig lagt fram sérstakt frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum (mál 560, þskj. 906), rétt eins og á yfirstandandi þingi. Á næsta þingi á undan, 122. löggjafarþingi 1997-98, voru þessi mál lögð fram í einu frumvarpi sem ekki gerði ráð fyrir aðild umhverfisráðherra (mál 699, þskj. 1229). Þessi frumvörp hlutu ekki afgreiðslu. Öll frumvörpin voru, eins og fyrirliggjandi frumvarp, "samið undir forsjá Þingvallanefndar" eins og segir í athugasemdum.

Með því að leggja frumvarpið fram nú er ýft upp gamalt ósætti, sem undirritaður taldi að hefði verið lagt til hliðar. Í vinnu við svæðisskipulag Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa sem stóð í mörg ár kringum 1990 var reynt að nota skipulagsákvæði til þess að setja reglur um svipað efni og í frumvarpinu, nota verndun sem yfirvarp til þess að reisa skorður við eðlilegu mannlífi. Einu gildir í því sambandi hvaða stjórnvald færi með sérstök völd á svæðinu, það er ekki viðunandi að völdin séu sérstök. Þingvallanefnd ætti að láta gott af sér leiða í málefnum þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem henni er treyst fyrir, en láta byggðina við Þingvallavatn í friði.

Með vinsemd

Helgi Þórsson
kennitala 230451-4519